

Dómsmálaráðuneytið

Sölvhólsgötu 7

101 Reykjavík

Dags. 1.03.2019

Efni: Umsögn Ívars Arnar Haukssonar um mál nr. S-53/2019 í samráðsgátt stjórnvalda

Drög að frumvarpi til breytinga á barnalögum nr. 76/2003 og fleiri lögum
(skipt búseta og meðlag)

Nýlega voru birt í samráðsgátt stjórnvalda drög að frumvarpi til endurskoðunar á núgildandi barnalögum nr. 76/2003 og fleiri lögum sem gera þarf breytingar á samhliða svo ekki verði árekstrar milli lagabálka. Undirritaður fagnar þessum áformum um að ráðast í úrbætur á ofangreindum lögum vegna breyttra búsetuhátta og samfélagslegra aðstæðna. Fyrir liggur að feður hafa í auknum mæli tekið meiri þátt í uppeldisskyldum sínum gagnvart börnum heldur en var áður og væri því við hæfi að taka það upp sem meginreglu að bæði skyldur og réttindi vegna barna skiptist jafnt milli beggja foreldra, óháð því hvernig sambandi þeirra og búsetu sé hátt að öðru leyti, nema í undantekningartilvikum þar sem annað fyrirkomulag þykir nauðsynlegt og réttlætandi. Réttarsvið þetta samanborið við hin Norðurlöndin er áratugum eftir á. Eftir að hafa lesið yfir frumvarpsdrögin á samráðsgáttinni vakna æði margar spurningar sem urðu til þess að undirritaður sá sig knúinn til þess að rita þessa umsögn.

Skortur á rannsóknum

Meðlagsgreiðendur eru stór hópur fólks í dag og svo virðist að stjórnvöld hérlendis hafi sýnt málaflöknum sem snýr að þessum hópi fólks mjög takmarkaðan skilning og áhuga ef marka má viðtöl undirritaðs í rannsóknarvinnu sinni, við þá sem staðið hafa í þeirri baráttu. Það er út af fyrir sig áhugavert þar sem um er að ræða fleiri þúsund einstaklinga, flesta karlkyns, eða 10.757 karla og 727 konur.¹ Þær tölur eru síðan 2016 en ekki er að finna nýlegri tölur inni á vef Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Þar sem breytingarnar snúa að hluta til að breytingum á núverandi meðlagskerfi þá er vert að benda á að núverandi kerfi stendur þannig að vígi hagfræðilega að vangoldin meðlög nema um 24 milljörðum króna ef marka má ársreikninga og ársskýrslur Innheimtustofnunar og framangreindur hópur skuldar þá upphæð.²

Fyrst af öllu vill undirritaður benda á skýrslu Velferðarráðuneytisins, Karlar og jafnrétti, frá árinu 2013, en í skýrslunni er m.a. lagt til, í 8. tillögu 2.6. kafla, að gerð verði ítarleg rannsókn á **félags-, laga-, og efnahagslegri stöðu meðlagsgreiðenda** með áherslu á stöðu feðra sem ekki hafa lögheimili með börnum sínum. Lagt er til að í slíkri rannsókn verði lögð áhersla á að svara spurningum um möguleika foreldra til jafnrar þátttöku í uppeldi og umönnun barna sinna.

¹ <http://www.medlag.is/files/5815/0961/8412/Tolfraedi16.pdf>.

² Sama heimild.

Nú árið 2019 bólar ekki enn þá á slíkri rannsókn á framangreindum hópi sem lagt var til að yrði rannsakaður sérstalega. Sá skilningur sem stjórnvöld virðist sína ofangreindum hóp er lítill og enginn sbr. við það sem stjórnvöld gera fyrir hópinn á hinum Norðurlöndunum. Áhugaleysi og skilningsleysi stjórnvalda og þeim sem samdi frumvarpið veldur undirrituðum vægast sagt áhyggjum. Jafnframt hlýtur það að vekja upp þá spurningu hvort yfir höfuð sé ráðlegt að ráðast í eins viðamiklar kerfisbreytingar án þess að niðurstöður slíkrar rannsóknar liggi fyrir. Þetta vekur fyrst og fremst áhuga undirritaðs vegna þess að frumvarpdrögin bera það með sér að réttaráhrif þeirra kerfisbreytinga sem lagðar eru til kunni að hafa hvað mest efnahagsleg áhrif á meðlagsgreiðendur, kjósi foreldrar að hafa ekki skipta búsetu.

Frumvarpsdrögin eru því í reynd andstæð því sem telja má vandaða lagasetningu þar sem rannsóknir skortir á líf skjörum þess hóps sem breytingarnar koma til með að bitna mest á og því óvarlegt að ráðast í slíkar breytingar án þess að kanna fyrst réttarstöðu hópsins nánar, líkt og lagt hefur verið til þá þegar árið 2013 í tillögum í skýrslunni Karlar og jafnrétti.

Næsta álitamál er að mjög mikilvæg réttindi fylgja lögheimilisskráningu barna, svo sem hvað varðar barnabætur og meðlagsgreiðslur frá hinu foreldrinu. Samkvæmt núgildandi lögum fær aðeins annað foreldri slík réttindi og telur undirritaður slíkt fyrirkomulag frekar stuðla að ósætti milli foreldra heldur en hið gagnstæða og geti jafnvel gert saklaus börn að bitbeini foreldra vegna þeirra efnahagslegu áhrifa sem fylgir því að fá lögheimili barna skráð hjá sér. Enda stuðlar núverandi fyrirkomulag ekki að því tryggja börnunum viðunandi heimili hjá báðum foreldrum þannig að þau geti notið jafnra samvista. Núverandi fyrirkomulag felur jafnframt í sér mismunun og útilokar í mörgum tilfellum jafna skiptingu réttinda og skyldna í þeim tilvikum sem það væri þó þrátt fyrir allt barninu fyrir bestu í langflestum tilvikum. Núverandi kerfi hvetur ekki til sátta milli foreldra við skilnað eða sambúðarslit, heldur í raun til átaka milli þeirra og það þarf sterka einstaklinga til þess að láta framangreint, innbyggt, óréttlæti kerfisins ekki hafa áhrif á sig.

Þannig ætti að gæta jafnræðis og meðalhófs í þeim meirihluta tilvika sem enginn ágreiningur er fyrir hendi um forsjá og uppeldi barna þrátt fyrir skilnað eða sambands slit foreldranna. Slíkt fyrirkomulag væri í betra samræmi við ríkjandi viðhorf og samfélagshætti en það kerfi sem hingað til hefur verið við lýði, litað af úreltum viðhorfum liðinna tíma.

Þá fagnar undirritaður þeim breytingum sem lagðar eru til á núverandi fyrirkomulag sem er ósanngjarnt fyrir það foreldri sem ekki hefur lögheimili barns skráð hjá sér. Telur undirritaður þær vera skref í átt að jafnrétti meðal foreldra sem samrýmist þeirri meginreglu að ávallt skuli leggja til grundvallar hvað sé barninu fyrir bestu. Rétt er þó að benda á að jöfn skipting á barnabótum í hlutfalli við umgengni væri sanngjarnari leið líkt og mögulegt er í Noregi. Þá fagnar undirritaður þeim breytingum sem snúa að því að foreldrum sé veitt aukið samningsfrelsi og hvati sé til þess að fólk geri með sér einkaréttarlega samninga líkt og foreldrar eru hvattir til að gera á Norðurlöndunum.

Skipt búseta

Varðandi tillögur þær sem framkoma í frumvarpsdrögunum um skipta búsetu barns þá vantar í viðmið um að búseta teljist skipt þegar umgengni við barn sé orðin ákveðið mikil. Þá vantar einnig heimildir til þess að fella niður meðlag þegar umgengni er orðin helmingaskipt. Eftirfarandi texti er tekinn beint upp úr frumvarpsdrögunum og vekur sérstakar áhyggjur hjá undirrituðu:

*„Mikilvægt þykir að gera þetta með formlegum hætti og því er gert ráð fyrir að annað foreldri, eða bæði, geti snúið sér til sýslumanns sem staðfestir niðurfellingu samnings. Mikilvægt er að sýslumaður leiðbeini báðum foreldrum um réttaráhrif niðurfellingu samnings um skipta búsetu barns. Þá getur sýslumaður boðið aðilum ráðgjöf eða sáttameðferð ef sýslumaður telur hana geta þjónað tilgangi við meðferð máls, sbr. 7. og 8. gr. frumvarpsins. Foreldrar geta hvenær sem er meðan á meðferð málsins stendur fellt niður ósk sína um niðurfellingu samnings ef þau eru sammála um að áframhaldandi skipt búseta henti barni best. Sýslumaður getur á hinn bóginn **ekki synjað ósk foreldris um niðurfellingu samnings**. Eftir staðfestingu sýslumanns um niðurfellingu samnings um skipta búsetu skal lögheimili barns vera áfram hjá því foreldri sem það hefur skráð lögheimili hjá nema aðilar séu sammála um annað.“*

Þetta þýðir í raun að lögheimilisforeldri hefur í hendi sér, hvenær sem er þann möguleika að láta fella niður samning og koma hinu foreldrinu í þá íþyngjandi stöðu að vera svipt öllum þeim réttindum sem það áður hafði í gegnum þá stöðu að vera foreldri með skipta búsetu. Þetta telur undirritaður að verði að skoða nánar og vísar undirritaður til heimildar dómara skv. sænskum rétti að dæma jafna umgengni eða skipta búsetu. Slíka dómaraheimild vantar inni frumvarpsdrögin, enda eðlileg að slík heimild væri til staðar að sænskri fyrirmynd, líkt og kemur fram í lögskýringargögnum með frumvarpsbreytingum á barnalögnum þar í landi frá 1998. Undirritaður telur það fráleitt að lögheimilisforeldrinu einu sé falið svo mikið vald einu og sér og geti eftir eigin hentugleika óskað eftir niðurfellingu á samningi um skipta búsetu. Þetta fyrirkomulag gæti skapað gríðarlegt óöryggi fyrir umgengnisforeldrið sem og börn þeirra sameiginlega sem er streituvaldandi fyrir báða foreldra og börn þeirra.

Lágmarks framfærsluviðmið

Enn fremur kemur til skoðunar lágmarks framfærsluvið frumvarpsdraganna sem áætlað er að verði 75.000 kr. á mánuði með einu barni yrði frumvarpið óbreytt að lögum. Ljóst er að fyrirmyndin að því að hafa ákveðið lágmarks framfærsluviðmið á rætur sínar að rekja til lagaumhverfis í sama málaflokki í Noregi og Svíþjóð. Einn reginmunur er þó hér á sem er undirrituðum hulin ráðgáta. Munurinn liggur einkum í eftirfarandi atriðum og ekki er um tæmandi talningu að ræða:

1. Í Noregi og Svíþjóð eru neysluviðmiðin um grunnframfærslustuðul barns byggð á stórum vísindalegum neyslurannsóknum sem gerðar eru fyrir sænsku tryggingarstofnunina (Försäkringskassan) í Svíþjóð, og NAV (Norges Arbeids- og velferdsforvaltningen). Slíkar neyslurannsóknir skortir hér á landi til þess að hægt sé að leggja til grundvallar sambærileg viðmið og lögð eru til í Noregi og Svíþjóð.
2. Lagt er til með frumvarpinu að aftengja grunnmeðlag við barnalífeyri. Slíkt gæti leitt til þess að skilnaðarbörn séu sett skör ofar og fái meira en börn sem

misst hafa foreldra sína. Gæti þar verið um að ræða brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

3. Sænska kerfið tekur inn í meðlagsákvörðunina, mun fleiri breytur sem skipta máli, aðallega til lækkunar á meðlagi handa þeim sem greiðir það. Sjá má dæmi þess í leiðbeiningum frá sænsku tryggingarstofnuninni.
4. Bæði í Noregi og Svíþjóð eru mælikvarðarnir miðaðir við ráðstöfunartekjur en ekki tekjur að frádregnum sköttum líkt og ráða má af frumvarpsdrögum. Til þess að fá út sömu niðurstöðu þarf að beita sömu mælikvörðum eins Noregi og Svíþjóð, og verður því að miða við sama tekju tekjuflokk, þ.e. ráðstöfunartekjur.
5. Þrátt fyrir lið nr. 4 þá skiptir hann ekki máli þar sem frumvarpið gerir ekki ráð fyrir þeirri ófrávíkjanlegu meginreglu, sem gildir bæði í Noregi, Svíþjóð og Danmörku, að sá sem greiði meðlag með barni verður einnig framfært sjálfan sig. Einnig gerir reglan ráð fyrir því að meðlagsgreiðandi geti þurft að framfæra fleiri sum kunna að vera með honum í heimili. Er þar horft til nýs maki, barna sem meðlagsgreiðandi gæti eignast með nýjum maka, og börn sem nýr makinn kann að eiga úr fyrri samböndum. Sænska reiknilíkanið byggist á þessu ásamt mun fleiri breytum sem varða tekjur meðlagsmóttakanda, barnabætur sem greiddar eru til barna meðlagsgreiðanda, meðlaga sem fást greidd og fleira. Hvergi er vikið að þessari meginreglu og grundvallarforsendu kerfanna á Norðurlöndunum í frumvarpinu. Það er undirrituðum óskiljanlegt hvers vegna reglan er virt að vettugi við gerð frumvarpsdraganna, og vaknar sú spurning hvort það sé viljandi gert, eða hvort skortur á þekkingu á kerfunum sem frumvarpið byggir á sé ástæðan.
6. Jafnframt er miðað við aldur barns í Svíþjóð og Noregi þ.e. að aldursflokkur barns skiptir máli þar sem hlutfall af framfærslustuðli hækkar eftir því sem barn verður eldra og samhliða hækkar meðlagið með því.

Aldur barns	% af framfærslustuðli	Mánaðarleg framfærsla barns
0-6 ára	65	2.568 SEK
7-12 ára	80	3.160 SEK
13 ára og eldri	95	3.753 SEK

Því væri eðlilegt að slík viðmið yrðu höfð til hliðsjónar slíkt og gert er í Svíþjóð og Noregi, í tilefni að því að frumvarpsdrögin virðast miðast við þau lönd einna helst. Samkvæmt 2. mgr. 57. gr. núgildandi barnalaga segir að það beri að ákvarða meðlag út frá aflahæfi beggja

foreldra. Gengið hefur verið út frá þessari reglu í langan tíma að miða skuli við aflahæfi beggja en þó hefur raunin ekki verið sú í framkvæmd þó svo lagabókstafurinn kveði á um slíkt. Raunin hefur verið sú í framkvæmd að litið hefur verið til hárra tekna umgengnisforeldris til þess að úrskurða um hærra meðlag. En á hinn bóginn hefur aldrei verið litið til þess hvort meðlagsgreiðandinn geti framfært sjálfan sig, eða aðra sem hann kann að hafa í heimili og á framfæri. Enda tekur núverandi kerfi hér á landi tekur ekkert mið af ráðstöfunartekjum meðlagsgreiðanda líkt og gert er annarstaðar.

Ennfremur vekur slík nálgun upp spurningar um hvort meðlagskerfið sé í raun sjálfbært ef litið er til fjölda meðlagsgreiðenda, sem fer vaxandi ár frá ári annarsvegar upphæðar vangoldinna meðlaga hinsvegar, sem hækka samhliða aukningu meðlagsgreiðenda. Vangoldin meðlög voru eins og áður segir 24.000.000.000 ISK og ekki er hægt að sjá á frumvarpinu á nokkurn hátt að gengið sé nógu langt í því að uppfæra kerfið héraðs í það horf þannig að það stuðli ekki að áframhaldandi fátækragildru og skuldasöfnun fyrir fólk eftir skilnað eða sambúðarslit, ef svo óheppilega vill til að viðkomandi einstaklingur fái ekki lögheimili barns eða barna sinna skráð hjá sér.

Tekjutenging

Varðandi tekjutenginguna vísast til framangreindra athugasemda, en töflurnar sem finna má með dæmum um hvernig tekjutengingin virkar eru athyglisverðar þar sem ekkert þak virðist vera á tekjutengingunni. Þá kemur til álita umgengni og sú umbun sem ætlað er að veita meðlagsgreiðanda með því að viðhafa umgengni við barn/börn sín. Gert er ráð fyrir því að veita afslátt af meðlagi skv. eftirfarandi töflu sem finna má í frumvarpsdrögum 2019:

Frádráttur vegna umgengni				
		4-7 nætur (10% af 75.000)	8-12 nætur (15% af 75.000)	13+ nætur (20% af 75.000)
		7500 kr.	11.250 kr.	15.000 kr.

1. Fyrsta spurningin sem vaknar er sú afhverju vikið er frá þeim prósentuviðmiðum úr frumvarpinu frá 2010, sem koma til frádráttar af meðlagi vegna umgengnin og þau lækkuð. Prósentuhlutfallið þar er eftirfarandi:

Umgengisflokkar	Hlutfall af lágmarksframfærslu	Frádráttur
1. flokkur: 4-7 nætur	15%	kr. 8.100
2. flokkur: 8-12 nætur	25%	kr. 13.500
3. flokkur: 13 nætur eða fleiri	30%	kr. 16.200

Það er undarleg nálgun að ætla að víkja frá þessum prósentuviðmiðum, en þessi viðmið eru ekki í nokkru samhengi við það viðmið sem eru í gildi í hvorki Noregi eða Svíþjóð. Í Svíþjóð kemur 1/40 af meðlagi eins og það er ákveðið fyrir aldursflokk barnsins hverju sinni til frádráttar fyrir hvern dag

sem barn er í umgengni hjá umgengnisforeldri.³ Í Noregi er heimild til að lækka eða jafnvel fella niður meðlag ef foreldrar hafi gert með sér samning um umgengni. Ef búseta barns er skipt milli foreldra þá greiði annað foreldrið hinu meðlag fyrir þann tíma sem barnið er ekki búsett hjá því og öfugt.⁴ Í Danmörku fellur lágmarksmeðlag (normalbidrag) niður við jafna umgengni og minnar það líkurnar á að meðlag verði úrskurðað.⁵

2. Næsta spurning sem vaknar er sú hversvegna vikið er frá þeim viðmiðum sem sett voru fram í frumvarpi til breytinga á barnalögum árið 2010, en þær gerðu ráð fyrir hlutfallslega hærri afslætti af meðlagsgreiðslum.
3. Þá vaknar það álitaefni að ef viðkomandi meðlagsgreiðandi er með barn sitt í 15-16 daga á mánuði þá þurfi hann engu að síður að greiða 80% af 37.500 krónum, þrátt fyrir að kosta og sinna umgengni helmingnum af tímanum. Þá er spurningin sú hvort ekki sé hreinlega um skipta búsetu að ræða sem ætti að meta þannig að umgengnisforeldrið uppfylli allt að einu framfærsluskyldur sínar með umgengninni.
4. Einnig vegast hér á ákveðin jafnræðissjónarmið, þar sem undirritaður telur að greiðendur meðlags njóti ekki sama réttar til þess að fullnægja framfærsluskyldum sínum líkt og þeir sem þiggja meðlagið. Þetta er best skýrst með eftirfarandi dæmi:

Lögheimilisforeldri telst fullnægja framfærsluskyldum sínum með því að fæða og klæða barn þann tíma mánaðarins sem barn dvelur hjá lögheimilisforeldrinu. Umgengnisforeldrið telst á hinn bóginn ekki fullnægja sömu skyldum þrátt fyrir að hafa barn í umgengni hjá sér t.d. í 15 daga á mánuði eða jafnvel fleiri. Með ördum orðum fær umgengnisforeldrið sömu „greiðslu“ ekki metna eins lögheimilisforeldrið fær hana metna. Virðist þetta stafa einvörðungu vegna skráningar á lögheimili barnsins. En samkvæmt tillögnum sem frumvarpsdrögin kveða á um þarf umgengnisforeldri þrátt fyrir allt framangreint, að greiða lögheimilisforeldrinu 80% af meðlagi (37.500 ISK). Slík nálgun er ómálefnaleg, ósanngjörn og órökstudd með öllu í frumvarpsdrögnum.

5. Þá má spyrja sig fyrir hvern meðlagið sé og hvaða framfærsluþörf því sé ætlað að dekkja ef einungis er veittur 20% afsláttur af því, þrátt fyrir að umgengni sé orðin helmingaskipt. Enn fremur vaknar sú spurning hvort ekki ætti að líta svo á að um væri að ræða sjálfkrafa skipta búsetu ef barn dvelur viku og viku í senn, hjá hvoru foreldri fyrir sig, og þannig félli meðlagið

³ 4. gr. 7. kafla, Föräldrabalken (1949:381).

⁴ 71. gr. Lov om barn og foreldre, auk reglugerðar um nánari útfærslu á frádrætti meðlags vegna umgengni.

⁵ Vejledning nr. 10275 af 11.12.2017 om børne- og ægtefællebidrag, 4.2.1.1.

sjálfkrafa niður. Enda eru engin haldbær rök fyrir því að greiða meðlag með barni sem er til helminga hjá foreldrum sínum, eða a.m.k. ekki nema þá lítinn hluta af meðlaginu.

6. Samkvæmt frumvarpsdrögum getur barn verið í 25 daga umgengni hjá umgengnisforeldri, en það foreldri þarf samt sem áður að greiða með því 80% af fullu meðlagi, einungis vegna þess hvar lögheimili barnsins er skráð. Undirritaður bendir á að slík nálgun er mjög undarleg og ómálefnaleg, að grundvalla slíkar ráðstafanir einungis á því hvar barn á lögheimili, en ekki á því hvernig umgengni við það er raunverulega háttað.

Umgengnistálmanir

Enn fremur vakna spurningar varðandi umgengnina um hvort lækkun á meðlagi til handa lögheimilisforeldrinu gæti hvatt lögheimilisforeldri til tálmunar á umgengni gagnert til þess að fá greitt hærra meðlag. Þá hlýtur kemur til skoðunar hvort hægt sé að stöðva tímabundið meðlagsgreiðslur til lögheimilisforeldris á meðan tálmun stendur og þar til látið er af henni líkt og þekkist erlendis. Og hvort til álita komi að gera ástæðulausar tálmanir á umgengni refsiverða að lögum líkt og lagt hefur verið til af hluta þingmanna.

Aukið samningsfrelsi

Varðandi það aukna samningsfrelsi til handa foreldrum sem er eitt af megin markmiðum frumvarpsdraganna, þá vill undirritaður benda á að foreldrar eru nú þegar farnir að fara í kringum kerfið með því m.a. að skipta lögheimili barns sín á milli ár og ár, og skipta lögheimilum á tvo staði hjá sitthvoru foreldri ef um er að ræða tvö börn.

Lögheimili

Þá vill undirritaður vísa í þingskjal nr. 25 - 25. mál. sem er frumvarp um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjárforeldrum. Yrði það frumvarp að lögum myndi það fækka til muna deilumálum sem skapast milli foreldra vegna hjónaskilnaða og sambúðarslita. Enn fremur vill undirritaður benda á að í Danmörku liggur fyrir breyting á barnalögum þar í landi sem heimila m.a. tvöfallt lögheimili barns eftir því sem undirritaður kemst næst. Það yrði til þess að Danir tækju fram úr öllum hinum Norðurlandþjóðunum hvað varðar réttindi barna og foreldra. Þegar af þeim ástæðum skorar undirritaður á þá sem hafa frumvarpsdrögin, sem umsögn þessi er rituð útaf, að kynna sér þá breytingu sem er að taka gildi í Danmörku þann 1. apríl n.k. Vegna þeirra breytinga væri eðlilegt að fresta meðferð þessa frumvarps um breytingar hér á barnalögum og skoða hvaða breytingar séu í vændum í dönskum rétti, sérstaklega vegna þeirra miklu tengsla milli dansks og íslensks réttar.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Undirritaður bendir á að um brot á meginreglu 27. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kann að vera ræða ef skipta á foreldrum upp í tvo framfærsluflokka líkt og lagt er til í frumvarpsdrögum.

Lokaorð

Það er faglegt álit undirritaðs að þær breytingar sem lagðar eru til í umræddum frumvarpsdrögum gangi ekki nægjanlega langt til þess að jafna stöðu beggja foreldra. Undirritaður hefur sérstakar áhyggjur af því að réttur meðlagsgreiðenda verði fyrir borð borinn og ekki má sá hópur við því ef marka má tölur úr vanskilaskrá Creditinfo um þá meðlagsgreiðendur sem eru skráðir á vanskilaskrá af hálfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga vegna vangoldinna meðlaga. Fátt ef nokkuð í frumvarpsdrögunum bendir til þess að tekið sé nægilegt tillit til stöðu meðlagsgreiðenda, og margt bendir til þess að hún muni standa í stað eða jafnvel versna, verði þetta frumvarp óbreytt að lögum. Jafnframt samrýmist framangreint ekki meginreglu barnaréttarins um hvað sé barninu fyrir bestu né heldur þeirri meginreglu sem ráða má af 27. gr. Barnasáttmálans.

Að lokum bendir undirritaður á mikilvægi þess til þess uppfylla skilyrði um vandaða löggjafarhætti, að það sé í raun óábyrgt gagnvart þjóðfélagshópi sem telur meira en tíu þúsund manns að ráðast í kerfisbreytingar án þess að rannsóknir hafi verið gerðar á hvaða afleiðingar slíkar breytingar kunna að hafa á hagi, afkomu og lífsviðurværi meðlagsgreiðenda og barna þeirra. Hópurinn sem kerfið bitnar mest á hefur ekkert um breytingarnar að segja og meðlagsgreiðendur eru sviptir fjárræði að hluta til líkt og hefur viðgengist héraendis síðustu áratugin á nokkurs áhuga stjórnvalda á réttarstöðu hópsins. Þá er að lokum áréttað mikilvægi þess að meðlagsgreiðandi geti framfært sjálfan sig og þá sem hann kann að hafa í heimili líkt og gert er á Norðurlöndunum.

Vegna þeirra gríðarlegu breytinga sem lagðar eru til, þá áréttar undirritaður það að tímamörk fyrir almenna borgara inni á Samráðsgátt er helst til skammur og leggur undirritaður til að hann verði lengdur um tvær til þrjár vikur hið minnsta. Þá væri tilefni til mun ítarlegri athugasemda við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,

Ívar Örn Hauksson
Lögfræðingur